

Bæjarráð Reykjanesbæjar

Reykjanesbær 28. nóvember 2023

Bjarg íbúðafélag – 30 íbúðir við Trölladal í Reykjanesbæ

Forsvarsmenn Bjargs íbúðarfélags óskuðu á fyrri hluta árs 2022 eftir lóðum fyrir 24 íbúðir við Trölladal í Reykjanesbæ sem samþykkt var ásamt því 12% stofnframlagi af kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar sem samþykkt var í bæjarstjórn 3. júní 2022. Svo fór að íbúðarfélagið sótti ekki stofnframlagið til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á árinu 2022 og óskaði eftir breytingu á deiliskipulagi með fjölgun íbúða úr 24 í 30, stækkun á byggingamagni um 480 fm² og breytingu á bílastæðum sem tekið var fyrir í umhverfis- og skipulagsráði 31. mars 2023. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 18. ágúst, 2023 samþykkt að senda breytinguna til Skiplagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu. Var það svo samþykkt af bæjarstjórn á fundi nr. 957 þann 22. ágúst 2023.

Nú hefur Bjarg íbúðafélag óskað eftir því við Reykjanesbæ að senda inn til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar endurreiknað 12% stofnframlag sem útleggst á þessa vegu:

Stofnvirði verkefnis nemur 1.504.417.700,- og 12% stofnframlag 180.290.124,- sem verður greitt að eftirfarandi hátt:

Gatnagerðargjöld	137.546.365,-
Byggingaleyfisgjöld	3.807.870,-
Beint fjárframlag	38.935.889,-

Regína Fanný Guðmundsdóttir
Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs